

CQ TF



14. ÁRGANGUR

1. TÖLUBL. 1978

JAN - MAI

Þjá viðtal við TF3SV á bls. 16.





FRÁ RITSTJÓRN....

Það er oft að bæði félagsmenn Í.R.A. og svo þeir sem utan félags standa velta því fyrir sér hvað þeir fá fyrir félagsgjaldið sitt. Það er í sjálfu sér ekki undarlegt, þar sem félagsgjöldin eru í dag kr. 7000 miðað við 2500 fyrir sl. ár.

- En við skulum aðeins leiða hugann að því hvers vegna þessi mikla hækkun varð. Á aðalfundinum í febrúar var það einkum þrennt sem þótti réttlæta hækkunina, ferð fulltrúa Í.R.A. á undirbúningsráðstefnuna fyrir WARC 79 í Ungverjalandi, nýtt húsnæði fyrir félagið og loks CQ-TF. Tvö fyrri atriðin verða nánar tekin fyrir í næstu blöðum af CQ-TF, en rétt er nú að staldra við blaðið okkar. Áður en að félagsgjöld fyrir '78 voru rædd á fundinum, voru nýsamþykkt lög þess efnis að CQ-TF skyldi a.m.k. koma út fjórum sinnum á ári. Þessi aukna útgáfustarfsemi mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir félagið miðað við árin á undan. 1977 gáfum við t.d. út aðeins eitt tölublað. Sama er að segja um 1976, en 1975 komu út 3 tölublöð af CQ-TF. Samkvæmt lauslegum útreikningum þýðir þetta að blaðið mun taka ca. 28% af ráðstöfunartekjum félagsins. - Sumum kann að finnast þetta mikið. Til upplýsingar er það að segja að víðast hvar í Evrópu taka félagsblöðin yfir 50% teknanna og þá eru gífurlegar auglýsingartekjur þegar mínusaðar, þannig að þessi tala er mun hærri víðast hvar erlendis. 28% okkar kunna því að detta niður í 19% eða neðar þegar okkar auglýsingatekjur verða mínusaðar. Það er því ástæða til að ætla að blaðið kosti okkur minna. En blaðið, ferðakostnaður og húsnæðið er ekki allt. Félagið er tengiliður amatöra við Póst & símamálastofnunina. Og Í.R.A. sem hagsmunafélag og landsfélag íslenskra radióamatöra er því leyfishöfum mjög mikilvægt sem slíkt. Hlutverk félagsins sem ábyrgur aðili í þessu tilliti sannast með því einu að gera sér grein fyrir því að það eru meira en 30 ár síðan félagið var stofnað. Og erum við þó ungt félag samanborið við amatöra annarsstaðar í heiminum sem jafnvel fyrir aldarmótin 1900 mynduðu hópa sem síðar urðu að félögum í löndum þeirra. - Umræða sem þessi leiðir hugann óhjákvæmilega

(framh. bls. 9)

Stjórn Í.R.A. skipa:	Axel Sölvason, TF3AX, formaður. Sigurður Jakobsson, TF3CW, varaformaður. Kristinn Andersen, TF3KX, ritari. Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA, gjaldkeri. Guðjón Einarsson, TF3AC, meðstjórnandi. Stefán Sæmundsson, TF3SE, varam. Ívar Magnússon, TF3IM, varam.
Heiðursfélagar Í.R.A.:	Hr. Ásgeir Magnússon, TF3AB, Reykjavík. Hr. Þórhallur Pálsson, TF5TP, Akureyri.
VHF-Manager:	Kristinn Daníelsson, TF3KD. (Í fjarv.: TF3SE)
QSL-Manager:	Guðjón Einarsson, TF3AC.

"CQ-TF" er innanfélagsblað Íslenskra radióamatöra, Pósthólf 1058, Reykjavík. Blaðið er fjölritað eftir handriti. Ritstjóri og ábm. Jónas Bjarnason, TF3JB.

Aðalfundur Í.R.A. 1978 var haldinn að Hótel Loftleiðum 12. febrúar sl. Nokkuð á sjötta tug félagsmanna voru mættir.

Gengið var til almennrar dagskrár samkv. fundarboði, sem áður hafði verið sent til félagsmanna með löglegum fyrirvara.

Fundarstjóri var kosinn TF3KX. Nokkrar umræður urðu út af skýrslu formanns. Úr stjórn gengu TF3SE og fráfaraði formaður, Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA, sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs. Nokkrar umræður urðu á fundinum um félagssamþykktir Í.R.A., sem vísast nánar í fundarritun TF3ANN, sem er í vörzlu ritara. Formaður var kosinn TF3AX, Axel Sölvason, með 19 atkvæðum; á móti TF3KX, Kristinn Andersen, sem fékk 17 atkvæði. Aðrir í stjórn voru kosnir, Kristinn Andersen, TF3KX, Sigurður Jakobsson, TF3CW, og Björgúlfur Bachmann, TF3EL, endurkosinn. Endurskoðendur voru kosnir þau Jóhannes Johannessen, TF3JJ, endurkosinn og Anna Johannessen, TF3ALT. Til vara, Bjarnfríður E. Hlöðversdóttir, TF3HAT. Undir liðnum önnur mál flutti TF3AC QSL-MANAGER Í.R.A., greinargóða skýrslu f. hönd Bureau'sins. TF3KX gerði grein fyrir P.Í.R.A. málum. TF3SE gerði grein fyrir neyðarfjarskiptum Almannavarna Ríkisins, okkar stöðu í þeim málum ásamt fyrirhuguðu auknu samstarfi. Félagsgjöld voru hækkuð f. árið 1978 í kr. 7000.

Skömmu eftir aðalfund, baðst TF3EL lausnar frá embætti gjaldkera. TF3AC, Guðjón Einarsson, tók því sæti hans í stjórninni, sem löglega kosinn varamaður. Stjórnin hefur skipt með sér verkum.

Stjórn Í.R.A. 1978: Formaður: Axel Sölvason, TF3AX.
Varaform.: Sigurður Jakobsson, TF3CW.
Ritari: Kristinn Andersen, TF3KX.
Gjaldkeri: Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA.
Meðstj.: Guðjón Einarsson, TF3AC.
Varamenn: Stefán Sæmundsson, TF3SE.
Ívar Magnússon, TF3IM.

Að öðru leyti vísast í fundargerð TF3ANN, sem er í vörzlu stjórnarinnar.

Nýjir leyfishafar koma hér á eftir í stafrófsröð. Eru þetta kallmerki sem eru ný frá síðasta tölublaði CQ-TF. Á eftir dálknum um nýja A-leyfishafa er dálkur fyrir T-leyfishafa, sem nú, sem nú birtist í fyrsta skipti í CQ-TF.

I nýliðar

Bergur Axelsson, Hraunbæ 44, Reykjavík.	Kallmerki:TF3BXN
Guðmundur H. Ákason, Meðalbraut 12, Kópavogi.	Kallmerki:TF3DAN x)
Halldór Cristensen, Álfheimar 21, Reykjavík.	Kallmerki:TF3GCN
Haukur Nikulásson, Krummahólar 10, Reykjavík.	Kallmerki:TF3HNN
Heimir Þór Sverrisson, Sóleyjagötu 21, Reykjav.	Kallmerki:TF3ANN
Jóhann Ingibergsson, Aratúni 34, Garðabæ.	Kallmerki:TF3JIN
Jón G. Bergsson, Hjallavegi 15, Reykjavík.	Kallmerki:TF3JXN
Jón Gústafsson, Látraströnd 12, Seltjarnarnesi.	Kallmerki:TF3JGN
Karl Valgeir Jónsson, Melási 4, Garðabæ.	Kallmerki: TF3KVN x)

I nýliðar - framhald

Kristinn Jóhannesson, Víðihvammi 15, Kópavogi.	Kallmerki: TF3KLN
Loftur E. Jónasson, Digranesvegi 119, Kópavogi.	Kallmerki: TF3LJN
Loftur G. Steinbergsson, Kleppsveg 128, Reykjavík.	Kallmerki: TF3NNN
Sverrir Þór, Barðavog 40, Reykjavík.	Kallmerki: TF3SPN
Valdimar Einarsson, Hraunbæ 12, Reykjavík.	Kallmerki: TF3VRN
Marteinn Þórðarson, Kópavogi.	Kallmerki: TF3MTN
Örnólfur Hall, Reykjavík.	Kallmerki: TF3AHN

Brynjólfur Jónsson, Engimýri 8, Akureyri.	Kallmerki: TF5BWN
Þór Þórisson, Munkaþverárstræti 8, Akureyri.	Kallmerki: TF5GWN

Aths. x) Þar sem rangt heimilisfang og/eða kallmerki fylgdi við upptalningu í síðasta blaði, eru réttar upplýsingar birtar hér.

II A-leyfishafar

Gísli Ófeigsson, Mávahlíð 21, Reykjavík.	Kallmerki: TF3US
Gunnar Leifur Guðmundsson, Bauganes 31, Reykjavík.	Kallmerki: TF3LG
Jóhannes Pétursson, Lindarflöt 8, Garðabæ.	Kallmerki: TF3JO
Óskar Sverrisson, Brúnalandi 20, Reykjavík.	Kallmerki: TF3DC x)
Sigurður Jakobsson, Hraunbæ 100, Reykjavík.	Kallmerki: TF3CW

Aths. x) Viðkomandi leyfishafi hefur einnig útgefið leyfisbréf á TF5DC.

III T-leyfishafar

Anna Johannessen, Vesturgötu 41, Reykjavík.	Kallmerki: TF3ALT x)
Ásdís G. Snorradóttir, Hófgerði 16, Kópavogi.	Kallmerki: TF3LST
Bjarnfríður Ester Hlöðversdóttir, Hlíðarveg 47, Kóp.	Kallmerki: TF3HAT
Gísli Ófeigsson, Mávahlíð 21, Reykjavík.	Kallmerki: TF3UST xx)
Heimir Þór Sverrisson, Sóleyjagötu 21, Reykjavík.	Kallmerki: TF3ANT
Kjartan Bjarnason, Grenigrund 8, Kópavogi.	Kallmerki: TF3BJT
Málfríður Haraldsdóttir, Gunnarsbraut 36, Reykjavík	Kallmerki: TF3FHT x)
Soffía Ákadóttir, Arahólum 2, Reykjavík. Kallmerki:	TF3GKT x)
Óskar Jónsson, Keflavík.	Kallmerki: TF2ORT
David E. Feher, Furugrund 28, Kópavogi.	Kallmerki: TF0DFT
Heinz G. Stroebel, Hófgerði 16, Kópavogi.	Kallmerki: TF0GST
Robert L. Husienga, Keflavíkurflugvelli.	Kallmerki: TF0RHT
Thomas W. Jenkins, Keflavíkurflugvelli.	Kallmerki: TF0TJT

Aths. x) Leyfishafi er ekki félagsmaður í Í.R.A.

xx) Leyfishafi hefur síðan T-próf var haldið, staðist A-próf.

IV gagnkvæmar leyfisveitingar

Í framtíðinni munu hér birtast kallmerki þeirra erl. leyfishafa sem fá íslensk kallmerki eða /TF samkvæmt gagnkvæmum leyfis-samningum.

Sl. ár (1977) munu amatörar frá Þýzkalandi, Noregi, Austurríki, Bretlandi og Skotlandi hafa fengið veitt leyfi hérlendis.

Í næsta tölublaði CQ-TF verður nánar vikið að þessum málum.

T-leyfispróf var haldið í fyrsta skipti 9. júní 1977. En þetta próf er í samræmi við nýju reglugerðina frá 1. jan. '77. Alls stöðustfimm íslenskar konur prófið. Eru þá íslenskir kvenleyfis-hafar orðnir 6 með Sigrúnu, TF3YL. Er félaginu mikill fengur af þeim, og bjóðum við þær hjartanlega velkomnar í félagið. Sjá nánar lista yfir nöfn þeirra hérna á síðunni á móti.

Annað T próf var haldið sl. október. Þátttakendur voru alls átta, þar af sex bandarískir ríkisborgarar. Fimm Bandaríkjamannanna stöðust próf og eru þegar nokkrir komnir í loftið á VHF á ísl., kallmerkjum. Sjá nánar hér fyrir neðan frétt um nýtt TF-forskeyti f. erl. ríkisborgara er standast amatörpróf á Íslandi.

TF2SS var kallmerki sem radióskátar notuðu vikuna 17-24 júlí sl., að Úlfljótswatni. Þessa viku stóð einmitt yfir Landsmót skáta 1977 og fékkst þannig ágæt kynning á amatör radiói innan skáta-hreyfingarinnar. Töluverður undirbúningur var bæði hvað varðar loftnet og aðstöðu. TF3BT og TF3LH sáu um rekstur stöðvarinnar ásamt TF3UA og TF3KX sem voru gestaoperatörar. Sturla Bragason og aðrir radióskátar unnu einnig mikið í þessu sambandi.

Sömu aðilar sáu einnig um rekstur TF3JAM þriðju helgina í október sl., í hinu alþjóðlega "Scout Jamboree on the air"., Stöðin sem var staðsett bækistöð radióskáta í Reykjavík, að Blönduhlið 35, var m.a. virk á RTTY ásamt öðrum venjul. teg. útgeislunar. Góð kynning fékkst á amatör-radiói í síðdegisblöðum höfuðborgarinnar.

Ferð að Úlfljótswatni - fieldday var farin helgina 12-13 ágúst sl. Milli 20-25 manns sóttu staðinn heim í ágætu veðri. Ýmsar tilraunir voru gerðar með loftnet bæði í HF og VHF sviðunum. Kaffisala var á vegum K.Í.R.A. til fjáröflunar til tækjakaupa handa Í.R.A. Ferð að Hafravatni - fieldday var farin í september sl. QTH var sumarþustaðarland TF3JJ. Mikil þátttaka var, þar sem stutt var að fara frá Reykjavík. Umfangsmiklar tilraunir voru gerðar, ásamt því að eiginkonur sáu um kaffisölu til ágóða fyrir K.Í.R.A. Er það mál manna að "fieldday operation" verði á ný árviss atburður innan Í.R.A.

TF4F - Operation Flatey 1977 var "Dxpedition" sem farin var til Flateyjar á Breiðafirði dagana 3-9. ágúst sl. Þeir sem tóku þátt í ferðinni voru þeir TF3JB, TF3KX, TF3UA, TF5BWN og TF3-033. Starfræktar voru þrjár stöðvar, í því sem kallað var Studio A, B, og C. TF4F var QRV á öllum tíðnum 10-80 m ásamt um OSCAR 6 og 7. Höfð voru nokkuð á 2. þúsund QSO við DX-stöðvar. Veður var mjög gott allan tímann og þótti ferðin heppnast mjög vel.

Vic Clark, W4KFC, var gestur Í.R.A. dagana 9. til 11. ágúst sl. W4KFC er varaforseti alþóðasamtaka radioamatöra, IARU. Þá er hann einnig fyrsti heiðurs-varaforseti ARRL og forseti Region 2 en í Svæði 2 eru lönd suður- og norður-Ameríku. Óhætt er að taka það fram, að félaginu var mikill fengur í því að fá Vic hingað til landsins, bæði stjórn og alm. félagsmönnum til upplýsingar um WARC 1979.

TF0 - nýtt forskeyti TF0 er nýtt forskeyti sem Póst á símamálastofnunin tók í notkun í nóvember sl., að undangenginni ósk stjórnar Í.R.A. TF0 verður einungis notað af erlendum ríkisborgurum sem staðist hafa íslenskt radióamatörpróf hjá P&S. Þegar er búið að úthluta fimm af þessum nýju forskeiðum til bandarískra ríkisborgara sem staðist hafa íslenskt próf (T-próf).

Afmælisblað Í.R.A. vegna 30 ára afmælis félagsins sem koma átti út sl. haust hefur ekki komið út enn. Í skýrslu stjórnar á aðalfundi 1978 sagðist fráfarandi formaður, TF3JA, sjá litlar líkur til þess að það gæti komið út, sökum þess hversu viðamikil þess háttar útgáfa sé. Einnig komi til kostnaðarhlið málsins. Jafnvel þótt ekki kæmi út blað vegna 30 ára afmælisins, væri rétt að nýkjörin stjórn gætti þess að ekkert þess efnis sem þegar er til og búið að safna, glataðist ekki, svo a.m.k. mætti nota það í blað vegna 35 ára afmælis Í.R.A. sem verður í ágúst 1981.

Húsnæðismál Í.R.A. sem samfleytt hafa verið á dagskrá sl. þrjú ár, eru nú aftur alvarlega skoðuð. Í skýrslu sinni á aðalfundi 1978, gat fráfarandi formaður, TF3JA, þess að félaginu stæði til boða húsnæði að Tryggvagötu 15, Reykjavík. Stefán Sæmundsson, TF3SE, skýrði málið nokkuð síðar á fundinum og gat þess að málið væri einungis á umræðustigi. En samt væru góðar vonir með húsnæðið, sem er að nokkru leyti óinnréttað. Málið hlaut mjög góðar undirtektir á aðalfundinum. Stjórnin hlaut fullan stuðning í málinu og væri óskandi að húsnæðisskipti gætu átt sér stað sem fyrst, þar sem núverandi húsnæði nægir hvergi starfsemi félagsins.

Prófnefnd Í.R.A. hefur nokkuð verið stokkuð upp af mönnum. Þeir Hallgrímur Steinarsson, TF3HS, og Kristján Benediktsson, TF3KB, eru ekki lengur í nefndinni. Samkvæmt síðustu fundargerð stjórnar Í.R.A. 1977 eru prófnefndarmál nokkuð á lausu. En samkvæmt nýjustu upplýsingum skipa eftirtaldir menn Prófnefnd Í.R.A. 1978:

Axel Sölvason, TF3AX.
Ólafur Axelsson, TF3AW.
Kristinn Andersen, TF3KX.
Stefán Sæmundsson, TF3SE.
Vilhjálmur Kjartansson, TF3DX.

Félagsembætti utan stjórnar eru skipuð eftirfarandi mönnum fyrir árið '78:

Station Manager TF3IRA,	Yngvi Harðarson, TF3YH.
RTTY Manager,	Kristján Benediktsson, TF3KB.
VHF Manager, (Í fjv. -3KD)	Stefán Sæmundsson, TF3SE.
Ritstj. CQ-TF	Jónas Bjarnason, TF3JB.
QSL-manager TF-IRA Bureau	Guðjón Einarsson, TF3AC.
P.Í.R.A. manager	Kristinn Andersen, TF3KX.
Almannavarnir-ÍRA, tengil.,	Stefán Sæmundsson, TF3SE.

TF3SB - RTTY

Fyrsta íslenzka amatörstöðin í heimahúsi varð QRV þ. 4. okt. sl. á RTTY. En það var Sigurbjörn Bjarnason TF3SB, sem þá hafði QSO við TF3IRA op. TF3KB. Doddi hefur síðan haft RTTY DX QSO á öllum böndum, 10-80 m. Önnur heimastöð fór einnig í loftið seint á árinu 1977 á RTTY, en það var Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA.

TF3IRA - RTTY Klúbbstöð félagsins, TF3IRA, varð í 5. sæti yfir heiminn hvað varðar virkni árið 1977. Þessi úrslit eru samanlagðir Contest-punktur á öllum RTTY-Contestum sem hafa verið haldnar árið 1977. Inn í dæmið koma úrslit í hverri Contest. Þeir sem voru operatörar: TF3KB, TF3UA, TF3JB, TF3KX og TF3SB.

Sl. haust bárust félaginu til ráðstöfunar nokkuð margar RTTY vélar. RTTY manager TF3KB hefur séð um útteilingu þeirra. Latur nærri að um 15 ísl. leyfishafar hafi nú RTTY vélar undir höndum, er því von á mörgum í loftið á næstunni.

Gjöf til TF3IRA

Í september sl. barst klúbbstöð Í.R.A., TF3IRA, góð gjöf frá eiginkonum nokkurra leyfishafa. En það var óformleg kvennadeild Í.R.A. sem afhenti varaformanni, TF3AX, (í fjarveru formanns, TF3JA), fullkomna sendi/móttökustöð á 2 metrum, af gerðinni ICOM, IC-240, þá afhentu þær einnig húsloftnet af stærstu gerð, HUS-TLER G6-144-A. Er TF3IRA þá QRV á öllum tíðnum radíóamatöra sem eru



í notkun á Íslandi. Myndin hér til hliðar er frá afhendingunni í fél. heimili Í.R.A. Frá vinstri, Anna, TF3ALT, Axel TF3AX, Bubba (XYL TF3EL), Fríða TF3FHT, Ester TF3HAT og Sigrún TF3YL. Myndina tók Kristján Magnússon, TF3KM.

Pétur 1 fyrsta íslenska endurvarpsstöðin á 2 m. bandinu, var sett upp á Skálafelli sl. sumar. Í þessu sambandi hafa verið gerðar ýmsar útbreyðsluathuganir á merkjum frá Péttri I., ásamt almennum útbreyðsluskilyrðum á 2 metrum. Eigendur Péturs I eru nokkrir leyfishafar innan Í.R.A. Til stendur að stofna notendafélag um endurvarpsstöðina. Sjá nánar VHF þátt í umsjá Stefáns Sæmundssonar, TF3SE, annarsstaðar í blaðinu.

Bóka- og blaðaeign Í.R.A. er ekki í sem beztu lagi þessa dagana eins og svo oft áður. Fráfarandi bóka- og blaðaverðir Í.R.A., þeir TF3KX og TF3UA gerðu á sínum tíma skrá yfir þá titla sem vantaði í safn félagsins. Einnig var í þann tíma gengið frá reglum um útlán á bóka- og blaðakosti félagsins. Helztu reglur voru þær að tímarit yngri en eins árs yrðu ekki lánuð út nema nauðsynlegt væri og þá lengst 4 daga. Önnur blöð og bækur skildu ekki vera í útláni lengur en 30 daga. Þetta virðist hafa verið brotið, og hafa menn jafnvel fengið blöð lánuð án þess að skrifa sig á útlánslistann sem hangir uppi á stjórnar töflunni. Það eru því eindregin tilmæli til allra þeirra sem hafa blöð í láni að virða þessar reglur. Menn athugi einnig hvort eitthvað geti leynzt af eldri titlum í þeirra vörzlu, sem merkt er félaginu.

ERLENDAR FRÉTTIR

OSCAR 8 nýjasta gervitungl radíóamatöra er komið í gagnið. Samkvæmt fréttum frá G3RVL, stjórnanda AMSAT UK "Netsins" (QRG 3780 kHz), var A-0-D skotið á loft sunnudaginn 5. marz 1978. Ekki hefur annað fréttzt en tunglið vinni eðlilega.

EDR félag danskra varð 50 ára í ágúst sl. Fjöldi erl. gesta sótti þá heim, m.a. W4KFC og G2BVN frá I.A.R.U. Vegleg veizla var haldin í Kaupmannahöfn. Félaginu barzt fjöldi gjafa og heillaskeyta allsstaðar að úr heiminum.

Ham Radio 78 verður að venju í Friedrichshafen í Þýzkalandi dagana 30. júní n.k. til 2. júlí n.k. Ham radio sýningarnar eru alþjóðlegar samkomur radíóamatöra alls staðar að úr heiminum, þar sem m.a. fjöldi framleiðenda sýnir það nýjasta í tækjabúnaði f. amatöra. Ráðstefnur um HF, VHF, og SHF

og annað þess háttar. Sl. sumar komu um 10 þúsund leyfishafar til Bodensee. Sérstök mótstöð var í gangi sem gestir gátu opererað. Nánari upplýsingar hjá JB.

Stækkun 40 m bandsins í YU Samkvæmt fréttum frá I.A.R.U. hafa júgóslavneskir amatörar nú leyfi til að nota tíðnisviðið: 7.0 til 7.200 kHz. Aðrir í Region I hafa yfirleitt ekki leyfi til að fara út fyrir 7.100 kHz. YU-stöðvar geta því einungis haft sambönd á hinu nýja tíðni-sviði við stöðvar utan Region I.

Ástralskir amatörar misstu 27 MHz tíðnisviðið nú um sl. áramót. En þá var það tekið undir C.B. notkun. En þeir munu fá 11 metra sviðið á ný eftir 1982, þegar almenningstíðni-talstöðvar verða fluttar upp í UHF sviðin.

Í Japan voru um sl. áramót alls um 465.000 leyfishafar. Í U.S.A. tæp 300.000. Í Rússlandi eru gefin út 26.000 leyfi á amatör-stöðvar, sem ekkert gefur upp um fjölda leyfis-hafa í USSR. Samkvæmt breskri ágiskun, munu vera um 200.000 rússneskir leyfishafar sem skipta þessum 26.000 kallmerkjum á milli sín. Í Kanada voru um sl. áramót tæplega 20.000 leyfishafar.

Norskir amatörar fengu nýlega leyfi til notkunar á eftirfarandi tíðnisviðum: 1296-1298 MHz, 2400-2450 MHz, og 10,25 til 10,50 GHz. Annars er gaman að geta þess um leið, að NARL nýtur beinna styrkja frá norska Lands-símanum og norska ríkinu.

12. október 1977 skrifaði forseti Haiti undir lög þess efnis, að amatörstarfsemi var á ný opinberlega leyfð þar. Fréttir herma að Duvalier forseti hafi í langan tíma verið undir nokkrum þrýstingi vegna þessa. En síðan 1963 hafa einungis þeir Haitibúar sem voru "pólitíkst" réttu megin fengið að operera. Haiti hefur meira að segja verið opnað fyrir gagnkvæmum leyfisveitingum. Íslenskum amatörum sem kunna að fara þarna niður eftir á næstunni er bent að skrifa til: Mr. Dan Craan, HH2MC c/o Haiti Amateur Radio Club, box 501, Port of Prince, Haiti.

SLARS félag amatöra í Sierra Leone er 46. landsfélag radióamatöra sem gengur í I.A.R.U. Region I. IARU málefni og QSL-kort sendist til Mr. J. Mulder, 9LlJM, Suprroad 19, P.O. Box 16, Freetown, Sierra Leone.

USKA félag svissneskra radióamatöra á 50 ára afmæli 1979. Mikið verður um að vera hjá þeim, sérstakt afmælisblað, QSL-kort, veizlur og fl. Þá hafa þeir fengið leyfi til að nota sérstakt forskeyti, allt árið 1979, en það er HB7. Vonandi sendir Í.R.A. fulltrúa, ef við fáum sent boðskort eins og þeir segjast ætla að gera!

40 metra bandið var athugað nýlega af DARC með tilliti til pirat-sendinga. Frá janúar til júlí 1977 voru borin kennsl á 215 ólöglegar sendingar í 7.0 til 7.100 kHz sviðinu. Stærsti piratinn er sovéski herinn sem fannst á eftirfarandi tíðnum: 7002, 7004, 7008, 7016, 7028, 7032, 7042, 7059, 7060, 7062, 7067, 7069, 7070, 7075, 7081, 7084, 7085, og 7088 kHz. Teg. útgeislunar voru t.d.: A-1, A-2, A-3, A-3j, F-1, og A7a: Engin furða að menn forðast 40 m: Þar f. utan fundu DARC-menn Radio Peking, Radio Tirana, Radio Kairo, Radio Pakistan, Radio Indonesia og fl., Einnig truflanasar frá USSR. Þá fannst ein frönsk NATO stöð á A3j-USB á 7025 kHz.

Leiðari stjórnar

i umsjá formanns, TF3AX.

Heiðruðu félagar!

Í upphafi vil ég þakka ykkur það traust sem mér er veitt með því að kjósa mig sem formann þessa ágæta félags okkar. Það er vissulega við vöndu að taka eftir jafn ágæta menn og þá er stóðu í þessu starfi á undan. En með aðstoð samstarfsmanna í stjórn, sem allir eru áhugasamir og dugandi, vona ég að okkur takist ásamt öllum félagsmönnum að halda uppi góðum orðstír Í.R.A. á komandi stjórnarári.

Verkefnin eru næg. Og af mörgu er af taka þegar litið er yfir óskalista þeirra verkefna er framundan eru. Stjórnin hefur ásett sér að gangast eftir mætti fyrir fræðslufundum á næstunni. Nokkrir félagar hafa gefið stjórninni gott orð um að standa fyrir slíkum fundum. Á liðnu ári voru nokkrir slíkir fundir haldnir og sýndi aðsókn að félagsmenn kunna vel að meta þá.

Undanfarið hafa margir félagsmenn Í.R.A. tekið sameiginlega þátt í mörgum Contestum í nafni félagsins og vil ég nota tækifærið og færa þeim þakki fyrir góðan árangur í þessu starfi og gott framtak. Höpvinna sem þessi hefur mjög gott félagslegt gildi, um leið og hún eykur mjög hróður félagsins út í frá og er það von mín að framhald verði í sumar.

Að lokum vil ég hvetja nýliðanna til að koma með QRP senda sína í félagsstöðina og reyna sig þar við DX-sambönd, en eins og kunnugt er, þá er þeim heimil full afnot af móttökurum og loftnetum TF3IRA.

Með hugheilum kveðjum, TF3AX.

Framh. af bls. 2. að því hvernig félög almennt eru uppbyggð. Yfirleitt er það á þá leið að menn eru virkir og e.t.v. óvirkir um tíma, allt eftir ástæðum. Það sem ég er að byrja á að reyna að segja er það að til þess að skapa lifandi félag sem félagsmönnum finnst að sé veitandi, þurfa þeir sjálfir að vera virkir á einhvern hátt. En ekki þannig virkir að þeir einu sinni, í eitt skipti, vinni dag og nótt að einhverju verkefni og svo ekki meir. Heldur jafnara og gefi í skyn að þeir séu fúsir til verka af einhverju tagi. Menn beiti þá kröftum sínum þar sem áhuginn liggur helst.


- Radióamatörar hafa þegar öllu er á botninn hvolf nefnilega einhvern þann breiðasta grundvöll sem hægt er að hugsa sér á einu áhugamálssviði. Vissulega eru einnig tvö veigamikil atriði sem ekki mega gleymast í neinni félagsstarfsemi og það er, að félagið hafi jákvætt markmið og sé að færast nær settu marki. Við höfum óneitanlega jákvæð markmið og höfum á undanförunum árum færst nær settu marki t.d. í góðri samvinnu við P&S, þar sem árangurinn var ný reglugerð sem tók gildi 1. janúar 1977. Þetta er aðeins eitt mál af mýmörgum smærri sem einnig vekja ánægju en kunna að gleymast í hita þeirra stærri. - Ég er sannfærður um það, að á næsta aðalfundi verður hægt að flytja skýrslu um frjótt, framkvæmdamikið og ánægjulegt starfsár. Nýtt húsnæði, fullkomnari félagsstöð, fjölgun félagsmanna, "fieldferðir" eins og TF7V, TF4F & TF6M, aukin útgáfa CQ-TF og síðast en ekki sízt alþjóðlegt samstarf Í.R.A. f. hönd Íslands ásamt samstarfi við Almannavarnir ríkisins, mun efla félagið meir en nokkru sinni fyrr.

Þökk þeim er aðstoðuðu við þetta blað, TF3JB.

III. hluti

6. SAMLAGNINGARMAGNARI

Samlagningartenging gerir mögulega algebraíska samlagningu af tveimur eða fleiri spennugildum. Þetta er meðal annars notað í analog-vélar. Mynd 6.1 sýnir samleggjara með tveimur inngöngum fyrir samlagningu af E_1 og E_2 .



Sömu útreikningar gilda um samleggjarann. Eftirfarandi gildir:

$$I_1 + I_2 + I_3 = 0 \quad \text{Jafna 6.1}$$

$$I_3 = \frac{E_o}{R_f} \quad I_1 = \frac{E_1}{R_1} \quad I_2 = \frac{E_2}{R_2}$$

$$E_o = - \left(E_1 \cdot \frac{R_f}{R_1} + E_2 \frac{R_f}{R_2} \right) = - R_f \left(\frac{E_1}{R_1} + \frac{E_2}{R_2} \right) \quad \text{Jafna 6.2}$$

Af þessari jöfnu má sjá að báðar innspennurnar leggjast saman og mögnunin ræðst af hlutfalli mótkopplingsviðnámsins og inngangsviðnámsins. Spennurnar E_1 og E_2 hafa ekki áhrif á hvor aðra.


Verkleg æfing 4. Samlagningar-magnari

Tvö spennugildi eiga að leggjast saman. Álagið á spennurnar má ekki vera minna en 10 kohm. Sjá mynd 6.1. Viðnámsgildin R_1 og R_2 eru valin 10 kohm samkvæmt skilyrði. Þar sem spennugildin eiga einungis að leggjast saman en ekki magnast, verður R_f einnig 10 kohm. Prófið tenginguna með mismunandi spennugildum. Takið eftir hvað gerist þegar tvö spennugildi eru lögð saman af mótsattri pólun.

Veljið $R_f = 20$ kohm og ath. breytinguna.

7. INTEGRERANDI MAGNARI

Á mynd 7.1 er entegrerandi magnari með inverteraðri útspennu.



Mynd 7.1

Það sem einkennir integrerandi-magnara er að hleðslustraumurinn I_2 er jafn I_1 . Ef R_1 er ohmskt viðnám, þá verður straumurinn I_2 hlutfallslegur á móti spennunni E_1 . Það þýðir að ef E_1 er stöðug spenna, þá verður I_2 einnig stöðugur og þá hleðslan Q í þéttinum vex línulega, sem og spennan.

Við getum sem sagt ákveðið með E_1 línulega stígandi eða fallandi spennu, þar sem bratti hins línulega sviðs ákvarðast af E_1 .

Eftirfarandi gildir:

$$I_1 + I_2 = 0 \quad \text{Jafna 7.1}$$

$$I_1 = \frac{E_1}{R_1} \quad I_2 = \frac{dQ}{dt} = C_f \frac{dE_o}{dt}$$

$$\frac{dE_o}{dt} = - \frac{1}{R_1 C_f} \cdot E_1 \quad E_o = - \frac{1}{R_1 C_f} E_1 dt \quad \text{Jafna 7.2}$$

Áður en integrerung byrjar verður mótkopplings-þéttirinn C_f að hafa tekið upphafsstöðu. Ef upphafsstaðan á að vera 0, þá er hægt með úrhleðslu-viðnámi að hlaða úr þéttinum þannig að engin hleðsla sé til staðar.

5. Verkleg æfing: Integrerari

Tengið magnarann samkvæmt mynd 7.1

$$R_1 = 100 \text{ kohm}$$

$$R_2 = 100 \text{ ohm (úrhleðsluviðnám)}$$


$$C_f = 1 \text{ } \mu\text{F} (\pm 5\%)$$

Áður en integrerung byrjar, þá þarf að hlaða úr þéttinum C_f .

Við upp hleðslutímam $t = 0$ er gefið samband með rofa S_1 og $t = 10$ sek (er S_1 rofinn). Útspennan á þá að vera um það bil -10V . Gerið sömu tilraun með því að hafa sírita eða sveiflusjá tengda. Takið eftir að línuleg breyting fæst á útgangi. Prófið einnig með neikvæðri spennu.

8. AÐRIR MÖGULEIKAR MEÐ ALHLIÐA MÖGNURUM


Konstant spennugjafi:



$$E_0 = I \cdot R_f \quad I = \frac{E_1}{R_1}$$

E_0 ræðst af gildi $R_f \cdot I$ sem ókvarðar.

Konstant straumgjafi:



$$I_L = I_1 = \frac{E_1}{R_1}$$

Mótkopplingsstraumurinn I_L er nærri því óháður stærð Z_L . Athugið að álagið Z_L verður að vera fljótandi, þ.e.a.s. ekki tengt jörð.

Meining þessara greina er að gefa grundvallarkynningu á mögnunartækni með alhliða mögnun. Hluti af efninu er fengið úr skrifum við Hr. Carl M. Jackson við Philbrick/Nexus Research, U.S.A. Einnig frá Scandia METRIC AB, í Svíþjóð. (Formálsorð höf. í byrjun greina hans úr CQ-TF 1. tölubl.1976 - innsk. ritstj.)

Endir.


73's de Ívar Magnússon, TF3IM.

Formagnari fyrir OSCAR

Það kom fljótt í ljós, er TF3IRA fór að hafa sambönd um OSCAR gervitunglin að stöðvarnar, sem höfð voru sambönd við virtust heyra mun betur í okkur en við heyrðum sjálfir. Sumir sögðust heyra vel í okkur, en sögðu að við svörðum ekki. - Ekki er samt vafi að öllu var svarað, sem heyrðist. Þá vorum við að bíða eftir að heyra í sjálfum okkur.

Skýringin er tvíþætt; við höfðum ekki stefnuloftnet á 10 m, en slíkt er nauðsynlegt til að ná árangri við fjarlægjar stöðvar, þegar gervitunglið er úti við sjóndeildarhringinn. Auk þess er viðtækið ekki nógu næmt á 10 metrum.

- Til þess að ráða bót á þessu var smíðaður formagnari, sem hér er lýst. Teikningin skýrir sig að mestu leyti sjálf. Magnarinn er smíðaður í álkassa, sem skipt er í þrjú skermuð hölf. Transistornum er komið fyrir í gati á einum skilveggnum þannig að G1 og G2 koma út öðrum megin, en D og S hinum megin. Spólurnar eru undnar á lítil svört Philips spóluform með ferrite kjarna. Þvermál þeirra er 7 mm og þvermál vírsins er 0,5 mm. Kúplingsvöfin eru að sjálfsögðu undin við kalda enda spólanna, og kom best út að hafa þau í um 1 mm fjarlægð frá endanum.



Síunin í rafhlöðuleiðslunni var höfð þetta mikil eins og teikningin sýnir, vegna þess að nokkuð sterkt 28 MHz hátíðnimerki er í sjakknum þegar sent er, og er óæskilegt að það hafi áhrif á viðtökuna. Ef magnarinn er ekki notaður meðan sent er, má sleppa þessari síun.

- Með styrkstillinu má breyta mögnuninni. Hún er í hámarki fyrir eina stillingu, en minnkar til beggja hliða. Mögnunin mældist u.þ.b. 12 - 30 db eftir stöðu styrkstillisins. (Framh. á bls. 15)

FRÁ BARÐASTRÖND Á 2M?


Þegar menn fara að ferðast um landið geta þessi tvö nónógrömm hér fyrir neðan ef til vill komið að notum þegar þeir ætla sér að hafa samband í gegnum PÉTUR. Fyrri nónógrammið gefur "free space path" deyfingu, en hið síðara deyfingu við brot yfir "hnífsegg", hlutfallslega við deyfingu eftir "free space path", sem nota má til að áætla brot efir fjallsegg með því að bæta við ca. 10-20 dB.

En fyrst, hve mikla deyfingu þola tækin? Reiknum, með 10W út, og að við þurfum 1 μV í móttöku. En 1 μV yfir 50 ohm eru $2 \times 10^{-14} W$.

Þá fáum við, $10 \log \left\{ \frac{2 \times 10^{-14} W}{10W} \right\} = 147 \text{ dB}$ og er þá ekki tekið tillit til ávinnings í loftnetum.

Til að kynnast nónógrömmunum skulum við kanna hvort hugsanlegt sé að hafa samband í gegnum PÉTUR frá BARÐASTRÖND. Ferðalag merkisins er frá Skálafelli yfir hluta Esjunnar, á milli Akrafjalls og Skarðsheiðar (e.t.v. helst til nærri Skarðsheiðinni til að gefa niðurstöður sem um of er treystandi á), síðan yfir

Snæfellsnes eftir u.þ.b. 100 km og í um 800 m hæð, og áfram 70 km yfir sjó að Barðaströnd. Nónógrammið hér til hliðar (nónógramm 1), gefur "free space path" töp um 121 dB, (d = 170 km og f = 150 MHz). Þá förum við í seinna nónógrammið og reiknum fyrst út d, og tökum eftir því, að d₁ er styttri fjarlægðin.




$$d = d_1 \left\{ \frac{2}{1 + (d_1/d_2)} \right\} = 70$$

$$\cdot \left\{ \frac{2}{1+(70/100)} \right\} = 59.2 \text{ km}$$

Við leyfum okkur að hafa $h = 800 \text{ m.}$, þar sem PÉTUR er í svipaðri hæð. Þá finnum við að deyfingin miðað við "free space path" er ca. 14 dB. Heildardeyfingin er því, 121 dB v/"free space path" + 14 dB v/brots + 10-20 dB v/óreglu í broti 145 - 155 dB

Sem sagt, það er á mörkunum að það sé mögulegt með litlum loftnetum, en talsverðar líkur, séu notuð góð loftnet. En dæmið er ef til vill ekki alveg þetta einfalt, þar sem við miðum við "free space path". Þ.e.a.s. leið, þar sem ekkert hefur áhrif á merkið. En slíku er líklega ekki fyrir að fara hjá okkur og er því ef til vill of lítið að bæta aðeins 10-20 dB við í töpum.



73 de TF3BJT.

Heimildir: Reference data for radio engineers (kafla 22).

Framh. af bls. 13 - FORMAGNARI FYRIR OSCAR.

Styrkstillið er ekki bráðnaðsynlegt og ef því er sleppt má setja 15 k viðnám í staðinn fyrir það.

- Í notkun hefur magnarinn fyllilega sýnt að það var ómaksins vert að smíða hann. Ekki hafa verið gerðar neinar mælingar á niðtölu, en iðulega hefur hann gert veik merki vel læsileg, sem varla eða ekki heyrðust án hans.

73 de TF3KB.

„Ég hef meira gaman af CW“

Víðtal við TF3SV

„Mér þykir einna mest gaman að hafa samband í góðri „kondisjón“, og þá eru það tvær tegundir af samböndum sem ég reyni að hafa. Það er annarsvegjar DX'ar, sem ég hef náttúrlega mest gaman af. Og svo vil ég helst ekki tala við menn nema sem ég hef mjög lítið fyrir að ná í. Og þá veiði ég yfirleitt úr sterkustu stöðvarnar, og skýt á þær - og, þá vil ég helst ekki gefa þeim nema eitt kall, og oftast ekki nema BREAK, þá break frá Íslandi. Og ef þeir koma inn þá, - þá veit ég að það er opið. Þá er maður yfir allt borinn, og þá er gaman að tala við þá..... TF3SV .

Flestir íslenskir amatörar hafa líklega oftast en einu sinni heyrt Inga Sveinsson, TF3SV, á 20 metrunum í DX. Yfirleitt bregst það ekki að hann er þá með einn „stóran“ á hinum endanum. Ingi hefur um árabíl verið í hópi okkar beztu DX-manna og öðlast alþjóðlega viðurkenningu sem slíkur með þátttöku í DX-netum, SKED'um við aðra þekktu radióamatöra, eins og t.d. KH6BB (Bola) á Hawai. Og til þess að fá að vita meira um TF3SV varð það úr, að við Guðjón,



TF3AC, gerðum okkur ferð suður í Hafnarfjörð á öndverðum síðastliðnum vetri, eitt kyrrt DX-kvöld. Viðtalið fer hér á eftir.

Ég skal segja ykkur það, að ég fékk áhugann þegar ég var 13 ára. Það hefur líklega verið 1934, þá lærði ég morse. Þá fór ég að læra morse hjá loftskemmtamanni, sem

heitir Gísli Ólafsson. Og þá fór ég að hlusta á Pressuna svona, og taka morse'íð. Og maður var að dunda við þetta í eitt eða tvö ár. Fór að ná sér í tímarit og byggja. - Nú þið vitið hvernig þetta gekk fyrir sig á stríðsárunum..... tveir íslenskir amatörar voru teknir og sendir út. Sigurður Finnbogason (TF3SF og Tóti Páls (TF5TP). Ég fer burt úr Reykjavík 1943. Var þá búinn að læra 1941 í Landssmiðjunni. Og þá var náttúrlega stríð og maður kom ekkert nálægt þessu. Þá fór ég til Norðfjarðar og var þar í tvö og hálf ár. Þá náði ég mér í djöf. mikið kram. Skipin sigldu svo mikið út þarna að austan og þá náði ég mér í heilan skipsfarm af drasli, sem ég átti svo, og notaði þegar ég var á Króknum. Svo fer ég frá Norðfirði 1947. Og þá eru svona 200-300 kg. af krami sem ég átti - og það var fínt kram. Og þar byggði ég að hluta þennan turn sem er úti (sjá forsíðumynd). Hann var þá ekki svona hár, en með „rotary beam“ og

var þá með net sem heitir "ZL-special". Það er fólgaður dípóll, fasaður út. Mjög gott net með mjög mikla útgeislun. Ég var með það alveg á árunum '51 til '55. Þá var byggt á lóðinni sem turninn var og þá tók ég hann niður og var ekkert í þessu alveg til ég flutti til Reykjavíkur.

Ég flutti til Reykjavíkur 1963 og fór svo aftur í "geimið" eftir langa yfirvegum og mætti fyrst á fund 1970. Ég er með skírteini númer 25, svo það er stór hópur sem er búinn að vera á undan mér. Líklega '51 sem ég fæ fyrstu réttindin. Þá var Einar náttúrlega hjá Landssímanum og fannst það nú svona dálítið kjánalegt að ég væri að koma og biðja um leyfi. Ég sagði honum að ég væri búinn að fá áhugann aftur. - Ég fæ TF5SV 1951 og er í gangi til snemma '56. Er svo QRT þar til ég kem suður og fæ TF3SV.

Ég var anzi vel aktívur frá '5SV og þá var tiltölulega lítið "aktívitet" hér frá Reykjavík fannst mér. Það var voðalega mikil pressa á manni með QSL og svona. Og maður mátti aldrei koma í loftið, þá var æpt á mann, - og þá voru nú þjóðverjarnir frekir, hvað þá í dag. Þeir voru snemma slæmir..... Ég var á Norðfirði er félagið var stofnað '46. Kem síðan suður '50 og gekk þá undir próf hérna og allt saman hjá Landssímanum og fékk skírteinið. Nú ég var einsamall í prófinu. Utanbæjarmaður og einsamall í prófinu maður! Ég hef aldrei verið á neinu bandi nema 20. Það hefur verið svo mikið að gera á tuttugu, ég hef ekki haft tíma til þess að fara á önnur bönd. Á þessum tíma var eini maðurinn sem ég talaði við frá Sauðárkróki til Reykjavíkur, Kári Þormar (TF3KA). Kári var dálítið "aktívur" þá. Þá var ekkert annað til náttúrlega en AM og CW. Og eftir að maður hættir þarna '56 þá var þetta allt í blóma. Svo þegar maður kemur hingað suður '63 fer ég ekkert að eiga við þetta fyrr en '70-'71 þegar ég gekk í félagið aftur. Þá er náttúrlega allt orðið vaðandi í SSB. Þá þekkti maður það ekki neitt. Þá varð maður að byrja að læra upp á nýtt..... Allan tímamann sem ég er á Sauðárkróki, er Tóti, 5TP, á Akureyri og við tölum oft saman á tuttugu, sérstaklega á CW. - Annars var fínt að vera á Sauðárkróki, virkilega fínt. Ég gerði mér strax grein fyrir því hvaða hlutverk loftnetið gildir í þessu. Það er hlutur sem hefur ekkert breytt. Kom mér upp "rotary beam" sem var svona ca. 16 metra yfir jörðu. Turninn var ca. 10 metra frá húsinu. Ég var í þriggja hæða húsi þarna, sem hefur verið upp undir 10 m. hátt. Það kom aldrei neitt fyrir netið, það var uppi allan tímamann. Það var byggt af svo miklum vanefnum, að það var

skal ég segja þér,það var gaman af því,ég fékk í Sölunefndinni eik það var eik sem þeir notuðu í bekkina á her-trukkunum. Þá sátu þeir á pöllunum karlarnir, og þá sátu þeir á eik sem var ca. 3 x 1 . , - Allt "frame'ið" var byggt úr þessu. Það voru ekki til nein álrör þá, nema álrör sem rafvirkjar notuðu og þau voru mjúk.





eins og blý. Og þá var ekkert um annað að gera en að nota fólldaðan "dæpól", þá bar hann sig uppi. -Ég varð að vera með "frame'ið" stórt og svo einangrara alls staðar uppi á milli, sem báru þetta í raun uppi.

- Nei, fólkið vandist þessu, könnuðust allir við þetta og tóku því ágætlega. Ég hef svolítið gaman af , því, það var núna bara fyrir tveim árum

síðan að þá var ég að tala við finna, og þá segir hann, TF3SV og Ingi, getur verið að þetta hafi verið TF5SV einhvern tíma.....

Ég spyr hann að því hvað hann sé gamall..... Hann segist vera búinn að vera í loftinu síðan fyrir 1950. Þá segi ég að þetta geti alveg passað, að við höfum talað saman. Og þá kom það í ljós að þetta var þá skólastrákur, hafði þá verið í menntaskóla. Og hann er búinn að koma oft til Íslands. Hann er skógræktarstjóri.....

- Nei, það fékk enginn áhuga fyrir amatör-radíói fyrir norðan, ekki einu sinni strákarnir mínir. Þá var ca. 90% af allri vinnu á CW. Maður var svo mikið á CW. Ég fór á Phone seinna. Þetta var allt heimasmíðað, heila gallaríið.....eins og það lagði sig. Var með þetta í anzi góðum rekka, en ég notaði ekkert af því eftir að ég kom hingað suður.

Ég var anzi heppinn með efni. Gleymdi áðan Magnúsi heitnum Blöndal, TF3MB. En við vorum miklir mátar og hann var á kafi í þessu og búinn að vera lengur í þessu en ég. Og hann var alltaf "aktívur" annað slagið. Hann var mér hjálpsamur með efni og þess háttar. Og þegar ég kom að norðan kom ég alltaf við hjá Magnúsi og þá fórum við í DX'inn saman. Hann var líka í siglingum og keypti fyrir mig svona dót. Svo fékk maður alltaf hjá Landssímanum svona smávegis keypt.

Almennt finnst mér í dag vera mjög góð þróun í amatörmálum hérna. Mér hefur svolítið fundist að íslenzkir amatörar hafi verið komnir, á tímabili sérstaklega, inn á vitlausa línu. Undirstaðan hlýtur að vera kynning, gagnkvæm kynning. Og hún hefst ekki með því að við séum að hokra í einhverju "experimenti" hérna á Íslandi og látum ekki heyra í okkur í loftinu. Við verðum að vera "aktívur" í loftinu, því það er eini vettvangurinn sem að við sem amatörar erum á. Hitt er svo aftur á móti allt saman hliðarspor bæði tæknikunnátta, tækninámskeið og félagsleg uppbygging. Og allt sem í kring um það er, er hlutur sem er heimaverkefni hjá hverri þjóð fyrir sig. En á þessum vettvangi hittast menn, eins og íþróttamenn, við hittumst í loftinu, ekki satt? Og það er nokkurn veginn hægt að segja það, að það er eini samnefnarinn um það á hvaða stigi þeir eru sem amatörar, hversu vel þeim gengur að framkvæma sín viðskipti. Og spegilmynd af því hvað þeir eru "kúltíveraðir" er hvernig þeir koma fram í loftinu. En mér finnst þetta vera svolítið að breytast. Og það er að koma sterk hreyfing upp hjá íslenzkum amatörum í viðskiptunum sjálfum. - Tveggjametra-mennskan er góð að því leyti að hún losar um "traffík" á bylgjunum og að því leyti er hún fín.

- Ég fór til dæmis til Kanada í fyrra. Og þá þurfti maður að sjá út Kanadamann til að koma skilaboðum fyrir mig. Svo hittu ég á einn þarna úti og hann biður mig um að senda sér kort og svo segist hann eiga heima í Aginkort.Nú það var akkúrat hverfið sem ég er að fara í, segi ég. Ég tek bara kortið í vasann og kem með það til þín! Svo talaði ég við hann á hverjum einasta degi, meira segja kvöldið áður en ég fór, þá hafði ég samband við hann. Sagði honum að hann þyrfti nú ekki að koma niður á völl og svoleiðis,

því það væri tekið á móti mér. En annars ætlaði hann að gera það. Svo bauð hann mér heim og ég var hjá honum alveg í heilan dag. Og þá fór hann oní kjallara og sýndi mér "riggið". Hann bjó í einbýlishúsi og hafði kjallarann fyrir sjálfan sig. Og ég segi sem svona, hvað þetta sé þessi stóri svartí kassi á borðinu hjá honum. Þetta eru tveir metrarnir, segir hann og brosir. Þetta er skýringin á því hvað við erum fljótir þegar þú kemur inn á bylgjunni, hvað það eru margir sem kalla á þig.Því, um leið og einhver DX birtist einhvers staðar á bandinu, þá tekur maður 2 metra "micinn" og kallar út t.d. QSP með þessum upplýsingum, og þá eru kannski komnir inn á þig um leið hundrað eða meir. Og þetta er það sniðuga við tvo metrana, hafa t.d. opið á einhverjum "kanal", sem allir geta gengið um, og þá er fljótlegt að "rigga" upp stóru "beam'i" ef þarf mannskap. - Ég er til dæmis anzi sár yfir því þegar ég er með "rare" stöð, að það geti ekki fleiri náð henni. Ég vil gjarnan að það nái henni sem allra flestir og að íslenzkir amatörar séu framarlega sem slíkir og hafi víðtæk sambönd. Ég hef anzi gaman af því þegar ég get komið ykkur inn í þetta líka, þegar svoleiðis stendur á. Ef þið eruð ekki einhvers staðar nærri, þá get ég ekki náð til ykkar. Þess vegna þyrftum við að hafa svona net, þar sem væri bara "kanall" sem allir gengju um.

- Já, viðhorf mín mótuðust eiginlega strax af því að ég gerði mér grein fyrir því að loftnetið skiptir mestu. Og þegar ég fór í loftið aftur hérna fyrir sunnan þá held ég að ég hafi bara verið upp undir heilt sumar að "rigga" turninum upp. Nú ef að t.d. bilar hjá mér "beam" úti, þá opna ég ekki stöð, ég hef ekkert gaman af því, mig langar ekkert í loftið.....

- Ég hef meira gaman af CW, það er mikið persónulegra. Og það er fullt af þessum stóru DX'um og maður á ekki að líta við þeim nema á CW. Það eru svo margir sem kalla í "sidebandinu" og með svo mikið afl, og það er svo erfitt að lesa það.

En það verður eiginlega aldrei það mikil þröng í "pileup" á CW að menn geti ekki einbeitt sér inn á einhvern ákveðinn pól..... hann er allsstaðar undir..... maður týnir honum aldrei. Ég hef mikið meira gaman af því. Það er bara með það eins og annað, að maður notar þetta um tíma og svo leggur maður það á hilluna. Ég hef aldrei haft bein í nefinu til að setja í Swan'inn t.d. CW-síu. Svo hann er dálítið breiður, en það hamlar mér ekkert, ég er vanur því.

- Ég skal segja segja ykkur, þegar ég var að læra morse, þá náttúrlega notaði maður súmmer, en svo fyrsti móttakarinn sem ég var með, það var bara Marconi. Stór SUPER-hlunkur og "konverter" fyrir framan hann og þá hafði ég ekki "beat oscillator". Fyrstu þrjú árin tók ég alltaf CW ómótað og síðan gegnum þá þjálfun, þá er ég ekki í neinum vandræðum með þá. - Ég tók t.d. eftir einum um daginn sem var niðri á Indlands-hafi. Það var D6 og ég náði honum á CW og hafði svolítið gaman af því. Það var svoleiðis þvagan á honum og hann var alveg greinilega með "low power". Ég skaut og hann kom inn alveg eins og skot!Og ég var búinn að eltast við hann í fleiri daga á "sidebandinu".....

- Nei, það fer lítið fyrir diplómum. Ég var einu sinni búinn að týna til kort í DXCC, en ég sendi þau aldrei. En ég er hræddur um að maður geri ekkert í því héðan af, fyrr en maður er komin í 300 staðfest.....

Ég get sagt ykkur að það var hérna einu sinni, að ég man eftir Einari heitnum Pálssyni, að það var einmitt Ástralía, man ekki hvort það var Norfolk Isl., sem við vorum að glíma við eða hvort það var einhver niðri í Nýju-Gíneu, að við vorum báðir að eltast við þann sama. Hann mætti ekki í vinnuna þann daginn reyndar ekki ég heldur. Við vorum semsé alla nóttina. Annars sleppi ég yfirleitt ekki úr vinnu. Ég hef oft skotist heim í hádeginu, eins og ég hefði sagnaranda. Það er oft, það kemur meira að segja iðulega fyrir að ég vakna upp kl. 05 á



morgnana og hef alls ekki ætlað mér að gera það.Og þá bara beint inn á DX'ana. Ég hef nú ekki viljað halda því fram að það væri neitt yfirnáttúrlegt í sambandi við þetta, heldur bara einhver undirmeðvitund. Og það er annað sem ég hef tekið eftir, og það er alveg yfiringandi. Það er eins og maður komi bara beint að því og þá liggur DX inn þarna inni.....

- Annars hef ég það oft fyrir mælikvarða að ég dreg niður í AF-gaininu og svo renni ég bara yfir skalann og ef það er eitthvað líf í þessu þá er það 9 og þar yfir. Þá veit ég að það er eitthvað að gerast. Ég er helzt inni þegar ég veit að það getur komið inn eitthvað nýtt, þá er það mest spennandi. Maður er ekki í rónni fyrr en maður er búinn að ná í þá, ef maður veit að þeir eru einhvers staðar í gangi.

Nei, ég er ekki áskrifandi að DX-blöðum. Ted G5RP, hann er yfirleitt með þetta allt á reiðum höndum. Og Bóla líka (KH6BB). Svoleiðis að ég fylgi þeim eftir, fyrir utan það að vakna þegar DX'inn kemur inn. Það kemur annars iðulega fyrir að ég lít ekki inn í "sjakkinn" í heila viku, svo allt í einu fer ég inn og byrja að hlusta, heyri "pileup" og þá er það DX'inn sem er inni.

- Man t.d. Dxpediton'ina til HK0 hérna um daginn..... "split freq.", og það var "short skip" skilyrði þarna kl. 21 um kvöldið. Ted er inni, og ég heyrði að hann var að kalla á hann líka. - Daginn eftir sagði hann, þú hafðir hann líka. Þá voru tveir á milli okkar..... En hann var á 14.196 MHz og hlustaði fyrir ofan 200. Og þá þarf maður að brjóta sig í gegnum allan ameríska múrinn, og það er ekkert áhlaupaverk!

Við hefðum eflaust getað haldið áfram lengi nætur, en við höfðum komið skömmu eftir kvöldmat og nú hallaði í fjögur um nóttina, svo kurteisinnar vegna tygjuðum við okkur til heimferðar. Slíkt er erfitt í miðjum amatörsamræðum eins og menn þekkja. Við báðum Inga að skila þökkum til XYL fyrir veizlukaffið og kvöddum. Það var byrjað að snjóa þegar við komum út. Í bílnum á heimleiðinni hljómuðu merkin neðan úr HPl landi enn í eyrunum og þegar bílljósinn féllu á snjókornin sem voru í þann mund að lenda á Hafnarfjarðarveginum, sáum við fyrir okkur öll QSL kortin, frá KÍNA, CLIPPERTON ISL., og öllum þessum stöðum sem okkur hafði ekki einu sinni dreymt að við myndum fá að sjá kort frá.

- Aðeins eitt var hamrað í hugann, að fá sér Quad eða eitthvað stefnuvirkt loftnet sem fyrst!

(TF3JB)

Framh. af bls. 25 - 144 MHz og fl.hlusta á 29,4 MHz til 29,5 MHz (Look out, the Oscar bug might bite again).

Í fjarv. VHF-Manager, 73 de TF3BJT.

Framh. af bls. 23 - För í Flatey 1977, TF4F. Og þar með var ferðin hafin. Fátt bar til tíðinda á leiðinni vestur. Baldi ók okkur Sæma, en Billi sat í bílnum hjá Jónasi. Sæmi hafði haft vit á að krækja sér í aftursætið við brottförina og svaf þar á sínu græna mestalla leiðina. Sjálfur reyndi ég allt hvað ég gat að halda mér vakandi við hlið bílstjórans, reygði mig, og teygði í sætinu og sat eins og lóðrétt spýta með uppsperrt augun meðan framhjá þutu girðingarstaurarnir í nátthúminu fyrir utan. Hvað eftir annað urðu þó undanfarnar vökunætur viljanum yfirsterkari og ég tók að síga á hlið, rétt eins og skakki turninn, í Písa, og yfir stýrið hjá Balda. Ekki stóð ökumanninum á sama um þessa slagsiðu og hnippti ofur kurteislega í mig af og til, svo ég hrökk upp með andfælum og tuldraði einhverja vandræðalegar afsakanir.

- Í morgunroðanum renndum við inn í Hólminn og líkari syfjuðum vofum en mönnum renndum við stjörfum og sljóum augum yfir plássíð. Allt var hljótt og kyrrt enda klukkan rétt um sex. Framhald í næsta blaði. (TF3KX).

Radióamatörar og lögmál

Haldið ykkur fast: Það hefur gerst aftur. Nýtt lögmál á sviði rafeinda tækninnar hefur verið uppgötvað. Öll starfsemi radióamatöra er undir áhrifum þessa lögmáls, sem nefnist MURPHY'S LÖGMÁL í höfuðið á höfundu sínum Edsel Murphy. Grundvallar- setning Murphy's hljóðar þannig:

EF EITTHVAÐ GETUR EKKI MEÐ NOKKRU MÓTI BRUGÐIST ÞÁ BREGST ÞAÐ, OG GETI EITTHVAÐ BRUGÐIST, ÞÁ BREGST ÞAÐ Á ÞEIM STAÐ OG TÍMA, SEM KEMUR SER VERST. Murphy's lögmál er sannað stærðfræðilega á eftirfarandi hátt:

Við gefum okkur töluna 1 og notum fyrir

hana táknið n , og skrifum: $n - 1$. Með því að margfalda með -1 báðum megin við = merkið fáum við: $-1 \times n = -12$.

Nú er n^2 bætt við báðum megin við = merkið: $n^2 - n = n^2 - 1^2$.

Ef nú er leyst upp í þætti báðum megin við = merkið, fæst: $n(n-1) = (n+1)(n-1)$ Nú má stytta með $(n-1)$ báðum megin, og fæst þá: $n = n + 1$. Sem sagt, sérhver tala er einum hærri en hún sjálf. Nú er stærðfræðin eitt af því fáa, sem ekki á að geta brugðist, en þar sem hún hefur gert það í þessu tilfelli, þá telst Murphy's lögmál sannað. Til að bjarga stærðfræðinni út úr þessari klípu verður að innleiða nýja merkingu í það sem hingað til hefur verið kallað: "sama-sem-merki" (=), og þýðir það hér eftir: "varla nokkurn tíma sama-sem". Þetta er einmitt rauði þráðurinn í lögmáli Murphy's. Við skulum nú snúa okkur að því hvernig Murphy's lögmál birtist í ýmsum myndum.

1. Allar tíma- og verðáætlanir verða í framkvæmd nákvæmlega π sinnum meiri en upphaflega var gert ráð fyrir (þess vegna er π á svo mörgum vasatölvum).
2. Ef nokkur möguleiki er á að villa komist í útreikninga, mun hún gera það, á þeim stað sem hún veldur mestum skaða, og erfiðast er að koma auga á hana.
3. Í öllum útreikningum er það trúlegasta talan, sem er vitlaus.
4. Mál eru alltaf gefin í þeim einingum, sem óhentugastar eru hverju sinni. Bylgjulengdir eru til dæmis gefnar í fer-tommum á sjómílu.
5. Ef í eitthvert tæki þarf n hluta (komponenta), þá er fjöldi fánlegra hluta $n-1$ (sbr. regluna $n - n + 1$, en af henni leiðir að $n = n - 1$).




6. Hlutar, sem ættu að geta gengið í stað annarra, gera það ekki.

7. Hlutar, sem ekki má, eða ekki er hægt að tengja vitlaust, eru tengdir vitlaust.

8. Ef þörf er á sérstöku viðnámi er það ófánlegt. Viðnámsgildið er heldur ekki hægt að fá fram með neinskonar samsíða tengingu eða raðtengingu fánlegra viðnáma.

9. Allar leiðslur, sem klipptar eru mátulega langar, eru of stuttar.



10. Því meir, sem menn vanda sig við að lóða tengi á snúru eða kapal, þeim mun meiri líkur eru á að gleymst hafi að setja lok-hólk-hettu eða annað nauðsynlegt upp á kapalinn áður en lóðað var. Ef svo ólíklega vill til að hinn endinn sé laus, þá er kapallinn a.m.k. 100 metra langur!

11. Nákvæmlega eins hlutar, sem prófaðir eru við nákvæmlega eins skilyrði, eru ekki eins, þegar tækið er komið saman.

12. Þegar búið er að setja saman tæki, er alltaf einn hluti sem gengur af (sbr. regluna: $n = n + 1$).

13. Nauðsyn þess að gera grundvallar breytingar á tækjum verður meiri, því nær sem smíðin nálgast lokastig.

14. Enda þótt "breadboard" útgáfan af tækinu virki fullkomlega, þá mun hið endanlega tæki ekki gera það. Það tæki, er eins og nafnið ber með sér, hið endanlega.

15. Teikningum af hlutum og tækjum "manuöllum" og þess háttar, er kastað með umbúðapappírur. Þetta uppgötvast ekki fyrr en á þarf að halda, þegar nýbúið er að tæma öskutunnurnar.

16. Ef það getur orsakað meiri skaða, þá tekur Murphy's lögmál stundum við hlutverki Ohm's lögmáls. Þetta gerist t.d. alltaf þegar ný tæki eru prófuð.

17. Sjálfsveiflandi sveifluvaki sveiflar ekki af sjálfu sér.

18. Sjálfsveifla í mögnurum er óhjákvæmileg. Hún stafar af of mikilli skerminu!

19. Krystalsveifluvaki sveiflar á vitlausri tíðni, ef hann þá á annað borð sveiflar.

20. Það kemur í ljós að svo-kallaður PNP-transistor reynist vera af NPN gerðinni og öfugt.

21. Sé transistor verndaður af "fast-blow" öryggi, verndar hann öryggið með því að fjúka fyrst.

22. "Bleeder"-viðnám hætta að leiða, strax og menn byrja að fikta með afriðilinn. 23. Þéttar í tækjum snúa alltaf þannig, að ekki er hægt að lesa á þá. Ef reynt er að snúa þeim, fara leiðslurnar í sundur fast uppi við þéttinn. Hreyfanlegir þéttar eru aldrei merktir, því þá yrði allt of auðvelt að lesa á þá.

24. Öruggustu lóðningarnar reynast vera kaldar, hinar köldu eru faldar.

25. Þegar búið er að losa þær 24 skrúfur, sem halda botninum, svo hægt sé að skipta um öryggi, kemur í ljós að bilunin var undir lokinu,

og þegar loks er búið að skrúfa lok og botn á aftur, kemur í ljós að það gleymdist að setja öryggið undir botninum, aftur í.



26. Verkfæri, sem dettur, lendir alltaf þar sem það gerir mest

tjón. (Þetta lögmál er líka þekkt undir nafninu: "Hið "selektíva" þyngdarlögmál").

27. Þegar virkilega skiptir máli að hafa QSO, t..d. þegar nýtt land er á bandinu, þá bilar móttakarinn.

28. Ef þú færð langþráð tækifæri til að sýna kunningja þínum hversu auðvelt er að ná sambandi við erlendar stöðvar, þá er öruggt að þú nærð ekki sambandi við neinn. Þetta stafar annað hvort af því að algert "black-out" er á böndunum, eða að sendirinn bilaði um leið og þú kveiktir á honum.

29. Ef hópur radíóamatöra vinnur saman að einhverju verki, þá verður heildar greindarvísitala (IQ) hópsins eins og um samsíða viðnám væri að ræða:

$$\frac{1}{IQ} = \frac{1}{IQ1} + \frac{1}{IQ2} + \frac{1}{IQ3} + \dots \dots \dots \text{Framhald á bls. 30}$$





FÖR Í FLATEY 1977


Hver segir að skammdegið og vetrardrunginn geri okkur að andlegum og líkamlegum aumingjum meðan hrímkaldir vetrarstormar gnauða um eyðileg Reykjavíkurstætin að vetrarlagi? Þetta var þó baksvið hugmyndarinnar um Flateyjarförina sumarið 1977. Það var einmitt er sólargangur var hvað stytstur, að Jónas, TF3JB, bryddaði á málinu við Sæma TF3UA, og mig, í höfuðstöðvum Í.R.A. Og ekki þarf að orðlengja um viðbrögðin af okkar hálfu.

Flatey á Breiðafirði var fyrir margra hluta sakir áhugaverður staður fyrir fjarskipti við umheiminn. Kallsvæðið var og er lítið sem ekkert virkt, eyjan flatlend, opið haf til allra átta, og að auki hafði enginn okkar áður stigið þar fæti á land áður svo förin gengdi margþættum tilgangi.

Undirbúningur hófst þegar í stað. Veðurstofan var heimsótt og fengnar upplýsingar um veðurfar síðustu ára í Flatey; kort voru keypt, kunnugir menn spurðir spjörunum úr, sótt um sérstakt kallmerki, hringt í sýslumann og hreppstjórnann, o. fl. o. fl. Í upphafi sumars barst okkur tilkynning um liðsauka norðan frá Akureyri, það var Brynjólfur "Billi", TF5BWN, sem kæmi suður hingað í ágústbyrjun. Og ekki var norðanmaðurinn til óþurftar, það átti eftir að koma í ljós í ferðinni síðar. - Sumarið leið og fyrr en varði gekk ágúst í garð. Um svipað leyti og loftnetatilraunir stóðu sem hæst kom Billi að norðan og fimmti maðurinn, Baldvin "Baldi", TF3-033, bættist í hópinn. Lítið er um frægðarsögur af loftnetatilraunum, því yfirleitt virtist Hustler'inn á bílnum hans JB bera af 4ra og 5 elementa stefnuvirkum Quad- og lykkjuloftnetum í hverja áttina sem var. Einhver málamyndaárangur fékkst þó út úr þessum tilraunum í lokin, einkum ef við túlkuðum niðurstöður mælinganna á "réttan" hátt. Næst á eftir loftnetunum var maturinn afar mikilsvert atriði. Mikið var rætt varðandi þann þátt undirbúningsins, en eftir talsvert þex, náðist samkomulag.

Nú leið að brottfarardeggi. Aldrei gat þó farið svo að óheilla-fuglinn hann Murphy, léti ekki til sín taka. Renault'inn sem aka átti vestur í Stykkishólm ásamt hinum bifreiðunum tveimur, Volvo 144 & Saab 96, tók upp á ýmsum kenjum einmitt þegar undirbúningur stóð sem hæst daginn fyrir brottför. Nú var þetta ekki ný saga, en öllu skuggalegra væri þó að sitja uppi með fársjúkan reiðskjótann inni í Kerlingarskarði en niðri í Hafnarstræti. Þetta kom þó ekki að sök, þar eð allt okkar hafurtask komst fyrir, naumlega þó, í hinum bifreiðunum. Rétt er að geta helztu tækja sem tekin voru með vestur, en þau voru: NEC CQ-110-E DIGITAL (TF3JB), DRAKE TR-4 (TF3UA) og HEATHKIT HW-101 (TF3KX) ásamt NATIONAL NCL-2000 frá TF3SB og EUROPA SSM 2 m. transverter frá TF3IRA.

Klukkan var langt gengin í fjögur aðfaranótt fimmtudagsins, er lokið var að múra okkur ferðalangana inn í farangursstaflann og lagt var af stað. Auðvitað kom þá í ljós að gleymt hafði að kaupa benzín á annan bílinn til fararinnar. Á síðustu stundu var málinu þó bjargað á einhverri leigubílastöðinni, þar sem góðvildin réði ríkjum. (Framh. bls.20)



Og við höldum beint af stað þar sem frá var horfið í síðasta blaði. En fyrst ber að þakka ágætar viðtökur og áhuga á síðunni. Eitt gleymdist síðast, en það voru 160 metrarnir. Það er að ýmsu leyti rétt að vekja athygli á því sviði, þótt íslenskir leyfishafar séu ekki með réttindi þar. Það sem hæst ber, er að einhvern tíma í náinni framtíð fáum við leyfi til að vinna á 160 m og þá er gott fyrir verðandi leyfishafa að byrja að kynna sér tíðnisviðið. Bezt er að byrja að hlusta á 1825-1826 kHz til 1830 kHz vegna þess að þar er mestur fjöldi stöðva. Fyrirnefnda tíðnibilið er almennt kallað "DX glugginn" og er reynt að halda því hreinu af staðarlegum QSO'um. Annars hefur undirritaður mest hlustað á bilinu 1.8 - 2.0 MHz. Aðrar ágætar tíðnir eru: 1800-1808 kHz og 1930-1935 kHz. Mælikvarðinn hér í Reykjavík á skilyrðin á 160 m er: "Góð skilyrði á 80 metrum - góð skilyrði á 160 metrum".

Það sem gerir "top band" skemmtilegt tíðnisvið, þar sem íslenskir hlustarakort eru vel metin, er að DX-stöðvum er að mestu leyti ókunnugt um að merki þeirra heyrast hérna yfirleitt, þar sem amatörar hér hafa ekki leyfi til að senda í sviðinu. DX-merkin á 160 m eru nefnilega oft ágætlega sterk á tiltölulega léleg loftnet! Hitt er líka að viðskipti radíóamatöra eru bundin allskonar reglum og ákvæðum sem ekki þekkjast á öðrum tíðnum. Til dæmis: Mjög takmarkað tíðnisvið, allt niður í 1 kHz (Frakkland), viðskipti leyfð aðeins vísu tíma á sólarhring (U.S.A.), ákvæði um að aðeins sé notuð A-1 útgeislun (Tékkóslóvakía) og ákvæði um hámarks QRP afl (LOW t.d. Bretland). Segja má að 160 metrarnir séu það band þar sem réttindin séu allt frá því að vera engin (TF) upp í fullkomin réttindi bæði hvað varðar teg. útgeislunar og afl. Sterkar stöðvar eru til dæmis, W1BB, KV4FZ, ZE7JX, G3ZYY, GD4BEG og fl. o. fl. W1BB gefur út á þriggja mánaða fresti 160 metra DX-fréttir. Þar er mestan fróðleik að finna um "top band", stöðvar sem eru nýjar og QRV, mismunandi QRG réttindi & fl. Fjölmargir íslenskir amatörar hlusta jafnan á 160 m. Oft hefur verið nefnt að gaman væri að reyna við TF5TP á 160 m þegar talað er um bandið manna í milli í Í.R.A.

Það kom í ljós nýlega þegar ég ræddi við einn Hlustara, að hann hafði að hlusta upp á 14 MHz og engu náð. Þetta kom mér á óvart, þar sem maðurinn var nokkuð góður (ca. 60-70 st. mín.). Þegar málið var athugað nánar kom í ljós að hann hafði verið að hlusta á "contest" viðskipti.

Menn hafa lengi þrasað um orðið "contest" og reynt að þýða það með samkeppni, keppni, sérkeppni, leikur, leiknikeppni o.s.frv., en ekkert hefur reynst nægilega hentugt að menn gætu felld sig við það. Þess vegna notum við yfirleitt Contest fyrir "Contest".....

Í Contest senda menn yfirleitt hratt og stundum mjög hratt: Og fyrir þá hlustara sem eru komnir upp í 130-150 st.mín. er Contest bezt "veiðitímabilið" fyrir ný DXCC lönd fyrir alls konar diplómur.

Í þessu sambandi má víkja að því að oft er sagt að lítið blasi við nýjum hlustara nema að finna hæga stöð og hlusta + hlusta + hlusta. Þetta er að vísu að hluta rétt en ekki alveg - vegna þess að flestir leyfishafar senda fúslega inn á segulband fyrir þá sem þess æskja. Við eigum í dag prýðilegar kennsluspólur á íslensku sem fást hjá Í.R.A. og P.Í.R.A. Við vitum að íslenskir nýliðar eru neðst á 80 metrum á hraða sem er viðráðanlegur fyrir nýja hlustara. Og síðast en ekki sízt QTC sendingarnar frá TF3IRA, sem TF3KB og TF3SE hafa séð um sl. ár.


Þær verður að endurvekja sem fyrst vegna þeirra sem eru úti á landi og e.t.v. ekki síður fyrir þá sem ekki hafa aðstöðu til að koma í félagsheimilið en vilja samt fylgjast með og æfa sig. Þangað til í næsta blaði, 73 de TF3JB.

144 MHz og fl.

de I.R.A. VHF-Manager.

Talsverður áhugi hefur verið manna á meðal á 2 m. og hafa nærri 30 amatörar komið sér upp tækjum fyrir 2 m. Hér fyrir neðan er listi yfir þá sem undirritaður man eftir að hafa heyrt í loftinu á tveim.

TF3AC TF0DFT TF3HP TF3JJ TF3ALT TF3EL
TF3HS TF3KM TF3AW TF3FHT TF3IM TF3LST
TF3AX TF3GKT TF3IRA TF3OM TF3BB TF3GST
TF3JA TF2ORT TF3SB TF3TF TF3BJT TF3HAT
TF3JB TF3HT TF3SE TF3YL



En þar sem PÉTUR hefur ekki verið í gangi í lengri tíma, hefur áhugi manna eðlilega dvínað talsvert og eru núna vart nema 6-10 aktívir á tveim. En það stendur vonandi til bóta, þar sem líkur eru á að brátt verði aftur kveikt á PÉTRI.

Síðastliðið sumar voru gerðar talsverðar athuganir á útbreyðslu PÉTURS, er amatörar voru á ferð um landið og hef ég reynt að draga upp á kort þau svæði, þar sem möguleiki var á sambandi gegnum PÉTUR. (Sjá næstu bls.) Þeir sem aðallega voru á ferðinni síðastliðið sumar voru '3HS og '3YL, '3JJ og '3ALT, '3HP og '3FHT, '3SE og '3HAT, og '3EL með XYL.

Það athyglisverðasta við niðurstöður þessara tilrauna var að '3SE tókst að hafa sambönd í bæinn úr Húnavatnssýslu, með því að aka á staði sem hæst stóðu. Vonandi verður í náinni framtíð kannað hver útbreiðsla PÉTURS er á hálendinu ef einhverjir eiga þar leið um. Ég hef reyndar hlerað að '3HS og '3YL hyggi jafnvel á slíka ferð, og hvet ég þá sem hafa tíma og aðstöðu til, að veita þeim og öðrum sem verða á farandsfæti í sumar aðstoð sína með því að muna eftir því að kveikja á tækjunum og reyna að hafa sambönd sem allra víðast um landið.

Þá er gaman að geta þess fyrir þá sem það ekki vita, að PÉTUR tekur á móti á 145,000 MHz og sendir á 145,600 MHz. Mest notaða simplex tíðnin (rás 7), er 144,600 MHz.

ÓSKARI 8. vor skotið á braut þann 5. marz sl. með Thor-Delta eldflaug og naut á því ferðalagi samfylgdar tveggja rannsóknargervitungla, sem eru í eigu N.A.S.A. ÓSKAR 8. ber tvo transpondera, þ.e. tveir til tíu metrar (mode A) og 2 metrar til 70 cm (mode J). Jafnframt er gert ráð fyrir "mode D", en þá er slökkt á báðum transponderunum, til að hlaða rafgeymana. Báðir transponderarnir eru gerðir til að gefa út 1-2W pep.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að lesa sig til um OSCAR 8, er bent á mjög góða grein í apríl-blaðinu af HAM RADIO, á bls. 16.

Áhuginn á ÓSKAR 7 8 8 hefur farið vaxandi undanfarið og hafa t.d. þeir 0DFT, '3JA, '0RHT og fl., verið að gera nokkrar tilraunir undanfarið, þó þeir hafi ekki haft sem ákjósanlegustu aðstöðu til þess, en þá skortir víst aðallega loftnet. Þetta minnir á það að '3IRA er búin tækjum til sambanda gegnum OSCAR, sem ekki ætti að vera miklum erfiðleikum bundið að koma í gang ef einhverjir hafa áhuga! Og ef einhver sem ekki hefur áhuga á að fjárfesta strax í dýrum tækjum fyrir OSCAR, þá er alltaf möguleiki að (Framh. bls.20)

Þar sem kort þetta var unnið f nokkrum öfju og mikilli tilgæfing gefið okki lífi til að hafa samband við alla þá sem voru á forðum a.í., stund og er þess kortið að miðla hafi byrgt á milli. Kortin gefur þá hollu tilgætu, sé aðeins var valla við merkingar að merkja um samfélagskafna þá að merkja hafi verið dæmt á kortum og þáttum föðuð. Því er kortið aðeins tilgæfing um öflug þá þau sveit þar sem miklar líður eru á að hafa samband. Vonandi gefið alþar besta liti. Þar til að þetta miðlungs þessum framhaldna og þá á alþingi og bestu líti.



QTC de TF3AC



NÝTT GRÆNLANDSDIPLÓM

Eftir 1. árs undirbúning, m.a. bréfaskriftir fram og til baka, löng QSO á Grænlandstíðninni á 20 metrum (14.150 MHz + QRM), og fl., er nýtt diplóm fyrir Grænland nú loks tilbúið. Reglur og útlit er í samráði við E.D.R. deildina í Julianehab. Þeir sem mestan þátt áttu í að það varð til voru þeir OZ1WL og OX3AB (Arne). En sennilega hafa flestir ísl. leyfishafar oftast en einu sinni haft QSO við Arne, sem er mjög aktífur.

Reglurnar eru sem hér segir:

1. Amatörar sem eru leyfishafar, geta einir sótt um diplómið.
2. Sambönd eftir 1. janúar 1978 eru gild.
3. QSL kortin á ekki að senda, heldur lista sem tekinn er upp úr radiódagbók, og sýnir allar upplýsingar um sambandið. Award-manager á síðan að staðfesta að listinn sé réttur. (Á Íslandi, QSL-manager).
4. Diplómið er gefið út eingöngu á CW, SSB, eða sambland af CW/SSB.
5. Diplómið er í þrem "klössum" sem hér segir:
 - I. "klassi" QSO við 5 bæi staði við 15 mismunandi stöðvar 15 p.
 - II. - QSO við 4 bæi staði við 10 mismunandi stöðvar 10 p.
 - III. - QSO við 3 bæi staði við 5 mismunandi stöðvar 5 p.
6. Einungis sambönd við OX3 stöðvar eru tekin gild. (1 QSO per stöð á bandi)
7. Gjaldið fyrir diplómið er 12 danskar krónur.
8. Senda skal umsóknir til:
EDR Diplom manager, Hr. Tage Eilmann, OZ1WL, Postbox 213, 5100 Odense C, Danmark.

OZ1WL útskýrir í síðasta OZ punkttagjöfina, svo enginn vafi leiki á um að menn vinni rétt að því. Og sem dæmi tekur hann "klassa" I. Fimm bæi eða staði (þorp) og 15 punkta. Að sjálfsögðu leikur enginn vafi á um 5 bæina, en punktarnir gætu valdið ruglingi. T.d. samband við OX3XX á 20 metrum + 15 m. og 10 m., myndi gefa 3 punkta og einn bæ (þorp).

Við óskum þeim í OX-landi til hamingju með nýja diplómið.

Íslenzkir amatörar erlendis

Alltaf erum við að fréttast af íslenskum amatörum sem eru erlendis. Þeir hafa alltaf mikinn áhuga að heyra frá kollegum sínum hér heima. N1TF Þorvaldur Sveinbjörnsson, býr í Plaistow í New Hampshire í U.S.A. Hann er rafmagnsverkfræðingur hjá Western Electric. Hann hafði áður kallmerkið WALZNO (m.a. samb. við TF4F á því kallm.), en fékk síðan úthlutað N1TF. Þorvaldur er með svo kallað EXTRA CLASS leyfi, sem er sambærilegt við ísl. C-leyfið. Hann er QRV á SSB, ca. 14.200 - 14.230 MHz, kl. 12.00-13.00 flesta daga, en ekki alltaf. Nokkrir ísl. amatørar

hafa haft samband við hann á þessum tíma. Vonast hann til að hitta sem flesta til að liðka upp íslenzkuna: (En Þorvaldur er bandarískur ríkisborgari).

OZ2TF Allir þekkja Kristinn Daníelsson ("Kidda"), TF3KD. Hann er nú við nám við Tækniháskólann í Árósum og er kominn með danskt kallmerki, sem er mjög skemmtilegt, OZ2TF. Helzt er að ná sambandi við hann á miðvikudögum milli kl. 12.00-13.00 á ca. 14.180 MHz.

LX2RF Nú er Höskuldur ("Höski"), TF3RF, búinn að kaupa sér nýtt hús í Luxembourg og er að setja upp nýjan turn og yagi. Bezt er að hafa QS0 við hann kl. 18.30 á kvöldin á ca. 14.100 MHz.

VE4SK Skip Skaptason, hefur lengi verið búsettur í Kanada og er



íslenzkum amatörum vel kunnugur fyrir skemmtileg QSO á liðnum árum. Skip er með SKED við stöð niðri í Afríku, sem hann er QSL-manager fyrir, á fimmtudögum kl. 20.30 GMT á 14.180 MHz. Eftir að því QSO'í lýkur vill hann mjög gjarnan hafa sambönd við TF-stöðvar. Hér til hliðar er mynd af Skip í "sjakknum". Ef myndin prentast vel, má sjá QSL kort uppi í horninu til hægri m.a. frá TF3AB, TF3EA, TF3HS, TF3YL og fl. Heimilisfang Skip er: 366 Whytewold Rd., Winnipeg, Manitoba R3J 2W5, Canada.

TF-IRA QSL BUREAU

Að lokum vil ég ræða svolítið um bureau'íð. Margir koma með QSL kortin sín ósundurgreind, ótalin og koma með þau mörgum sinnum í mánuði. Þetta er ekki hægt og sem betur fer eru þarna ekki nema fáir félagar á ferð. Ég held að þeir hafi ekki kynnt sér reglur bureau'sins. En þær eru:

1. Sundurgreinið kortin í stafrófsröð - eftir löndum.
2. Teljið kortin og setjið teygju utan um þau.
3. Komið einu sinni í mánuði með kortin ,ekki smáslatta í hverri viku.

QSL-kassinn er tæmdur einu sinni í mánuði, 30. hvers mánaðar. Kortin eru síðan send út á bilinu næstu 1-6 mánuðir, allt eftir löndum. Öll kort frá TF-IRA QSL BUREAU eru send í "1. class" flugpósti.

Með sundurgreininguna, hversu áriðandi hún er, get ég bent á að einn félagi kom með 1400 QSL kort um daginn. Ég var fljótari að ganga frá þeim en 100 kortum frá öðrum, sem ekki kom með sín kort sundurgreind.

ÚRSLIT úr CQWW 1976

Nýlega voru birt úrslit í CQWW '76. Tveir ísl. amatörar tóku þátt í CW hlutanum, og einn í PHONE-hlutanum. Úrslit fyrir Ísland fóru þannig:

CW TF3AW öll bönd 122.760 punktar - 506 QSO (sing. op.)


TF3JB 20 metrar 43.836 punktar - 450 QSO (sing. op.)

SSB TF3AU 20 metrar 7.215 punktar - 87 QSO (sing. op.)

Allar stöðvarnar eru búnar að fá diplómur fyrir árangur í sínum flokki.

73 de TF3AC

DX HORNIÐ



í umsjá TF3CW

Eins og allir hafa tekið eftir, hafa skilyrðin verið mjög lífleg á böndunum að undanfögnu. Sérstaklega athyglisverð eru skilyrðin á 15 og 10 metrum. Samkvæmt athugunum og spám, munu skilyrðin fara hægt en örugglega batnandi á þessu ári. Þau munu ná hámarki um haustið 1982. Á þessum tíma gefst sem sagt amatörum betra tækifæri en um langt bil, að vinna að DXCC eða jafnvel 5B-DXCC.

Nýlega ver gerð könnun hjá japönskum amatörum um það hver væru 10 mest eftirsóttustu löndin meðal þeirra. Þau eru:

- | | |
|-----------------------|---------------------------------|
| 1. Bouvet - 3Y | 2. Clipperton - FO8. |
| 3. So. Sandwich - VP8 | 4. China -BF-BU |
| 5. Iraq - YI | 6. Albania - ZA |
| 7. Malpelo - HK0 | 8. French Guiana - FY |
| 9. Aves Islan - YV0 | 10. Abu Ail, Jabal al Tair-ET/A |

Eins og kunnugt er, heiðrar CQ-Magazine þá amatöra sem fyrstir ná öllum CQ Zonum (WAZ) á hverju bandi, með sérstökum veggskildi. Enn hefur ekki verið sótt um eftirtalda: 80 metra CW, 10 metra CW og 10 metra PHONE.

ZONE 23 Fyrir þá sem enn vantar Z-23, er það að segja að ekki aðeins Mongólía og Kína eru í þessum erfiðasta allra Zone a. Litill hluti Rússlands,

Tana Tuva er einnig í Z-23. Fylgist með UA0 stöðvum, sem eru með Y sem fyrsta staf í viðskeyti (suffix). UA0YAD hefur heyrzt nýlega á 14.027 MHz kl. 01.00 GMT. JT1AN hefur heyrzt kl. 02.00 - QSL: P.O. Box 540, Ulan Bator, Mongolia, Asia.

Nýtt prefix er nú komið fyrir Grenada, sem var VP2G-. Er það J3A til J3Z-. Til dæmis er VP2GAJ nú J3AJ.

BOUVET Heyrzt hefur í 3Y6A. Þessi er "Pirate".

KÍNA mun nota BF-BU forskeyti (prefix) ef leyfisbréf verða útgefin handa amatörum í framtíðinni. BY er ekki lengur úthlutað Kína.

EGYPTALAND Z-34 SULMI hefur heyrst á 28.045 á CW. Hún heldur upp á 10 metrana. Með batnandi skilyrðum verður gaman að hlusta eftir henni. QSL: Dr. Moona Ibr. Mohd, 7 Rhoda St., Cairo, Egypt, Asia. (Fengið af QSL k.)

MAYOTTE FH00M er aktívur aftur. Hann er oft í kringum 14.177 MHz á SSB um 16.00 GMT. QSL: DJ1TC.

IRAQ Fréttin er út um allt: YI2FGP hefur verið veitt I2FGP.

Síðustu fréttir: Tækjabúnaður I2FGP var stöðvaður í tolli í Iraq. Þegar hann mótmælti og sýndi leyfisbréfið, var honum hótað handtöku. Aðrar fréttir segja að hann hafi

fengið leyfi, en mjög takmarkað. Sé kominn í loftið kristalstýrður með LOW á SSB.

FIJI ISLANDS 3D2DM hefur sýnt sig daglega nálægt 14.220 eftir kl. 21:00 GMT. QSL: W4UL.

GOUGH ISLAND ZD9GG, Ian, verður þar til nóvemberloka 1978. Hann er QRV á mánudögum, fimmtudögum og föstudögum nálægt 14.245 MHz frá kl. 20.15 GMT, og er daglega nálægt 21.320 MHz. QSL: ZS1Z.

GABON TR8MG er á 7.018 MHz eftir kl. 22.00 GMT. (CW).

SUDAN ST0RK í suður-Súdan er QRV á sunnudögum frá kl. 08.00 GMT til kl. 12.00 GMT á 14.250 til 14.260 MHz eða 21.310 til 21.320 MHz á SSB. QSL: DL7FT.

UPPER VOLTA VE3HRS hefur farið frá TZ-landi og er nú í XT2-landi, og býður þar eftir leyfi.

MARCONI MEMORIAL STATION KMLCC WLGAY sér um QSL kort og biður um IRC og áritað umslag.

GL DX ES 73 DE TF3CW

RADIÓAMATÖRAR & MURPHY'S LÖGMÁL - Framhald af bls. 22

29. Framh. þ.e., því stærri sem hópurinn er, því lægri verður heildar greindarvísitalan.

30. Ef nokkur tíma skyldi koma sá dagur að allt virkaði eins vel og það bezt gæti, þá er öruggt að enginn er viðstaddur til að sjá það gerast.

Þetta er mín túlkun og þýðing á Murphy's lögmáli eftir grein í OZ, sem aftur var túlkun og þýðing á grein í QTC.

Ef þú þekkir einhver dæmi, sem brjóta í bága við Murphy's lögmál, þá skaltu ekki hafa af því neinar áhyggjur. Það stafar örugglega bara af því að þú vissir ekki að lögmálið var til.

Láttu heldur ekki hugfallast, því ennþá er eftir fjöldinn allur af lögmálum Murphy's, sem hægt er að brjóta. Þeim er haldið leyndum af tillitssemi við góða radióamatöra.

74, TF3KB.

ORÐSENDING FRÁ GJALDKERA Félagsgjöld 1978 féllu í gjalddaga 1. marz sl. Félagsmenn eru beðnir að gera skil sem fyrst til gjaldkera.

TF3UA.


1. Næstbesti leiðari fyrir rafstraum er:

- járn silfur kopar bronz

2. Volt er mælieining fyrir:

- rafstraum rafspennu rafhleðslu raforku

3. Við 12 volta rafhlöðu er tengt 6 ohma viðnám. Straumurinn í því er:



- 0,5 A
 2,0 A
 6,0 A
 12,0 A

4. Afl það, sem fer í 6 ohma viðnámið í dæmi 3 er:

- 5 W 20 W 24 W 120 W

5. Hvað verður um orkuna, sem 6 ohma viðnámið fær til sín?
Hún:

- verður að engu safnast fyrir í viðnáminu
 breytist í stöðuorku breytist í varma


6. Plötustærð þéttis er aukin, en fjarlægðin milli platnanna er óbreytt. Hvernig breytist þá rýmd þéttisins?

- vex minnkar stendur í stað

7. Vindingafjöldi spólu er aukinn. Hvernig breytist eigintíðni sveiflurásar, sem þessi spóla er hluti af?

- stendur í stað hækkar lækkar

8. Þéttir er tengdur samsíða spólu til að mynda sveiflurás. Hvert verður viðnám samsíðstengingarinnar við eigintíðni (resónans):



- mjög lágt
 mjög hátt
 svipað spanviðnámi spólunnar
 lægra en rýmdarviðnám þéttisins


9. Sami þéttir og sama spóla og notuð voru í spurningu 8 eru nú raðtengd:




þannig að þau mynda seríusveiflurás:

- eigintíðnin (resónanstíðnin) helst óbreytt
 viðnám rásarinnar á eigintíðni hefur hækkað
 viðnám rásarinnar á eigintíðni er óbreytt

10. Spennir fær 220 volt og 1 amper inn á forvafið. Eftirvafið gefur 12 volt. Hver er straumur í eftirvafi, ef reiknað er með að spennirinn sé tapslaus:
- 10 A 12 A 20 A 24 A
11. Vindingum í eftirvafi spennisins er fækkað. Hvernig breytist þá spennan í eftirvafinu:
- stendur í stað hækkar lækkar
12. Samsíða sveiflurás í kollektorleiðslu transistormagnara ferir magnarann:
- stöðugan tíðniháðan bandbreiðan ónothæfan
13. Forspennur NPN og PNP transistora:
- hafa sama formerki
 eru riðspennur fyrir PNP, en jafnspennur fyrir NPN tr.
 hafa gagnstæð formerki
 eru riðspennur fyrir NPN, en jafnspennur fyrir PNP tr.
14. Lengd loftnets er einn fjórði hluti úr bylgjulengd á 3,5 MHz. Sýndarviðnám(impedance) loftnetsins, ef jörðin er notuð sem mótpóll er:
- núll lágt 300 ohm hátt
15. Á 7 MHz er loftnetið í dæmi 14:
- einn fjórði úr bylgjulengd heil bylgjulengd
 hálf bylgjulengd ekkert af þessu
16. Á 7 MHz er sýndarviðnám(impedance) loftnetsins í dæmi 14:
- núll lágt 300 ohm hátt
17. Sveifluvaki er alltaf:
- með krystal riðspennugjafi(sísvæifflugjafi)
 með díóðu sínusspennugjafi
18. Tíðnimargfaldari, sem fær 7 MHz inn á sig, getur gefið út:
- 3,5 MHz 10,5 MHz 17,5 MHz 21 MHz
19. Við endanlega stillingu lokamögnunarstigsins hér að neðan er hverfipéttirinn C stilltur þannig, að straumur mælisins A:
- sé í hámarki sé núll
 sé í lágmarki stilling þéttisins hefur engin áhrif á strauminn



20.



Myndin sýnir blandara í framenda hásláttar(super-heterodyne)-viðtækis, sem stillt er á 3,5 MHz. Hvaða önnur tíðni gæti helzt heyrst á viðtækið:

- 4,5 MHz 5 MHz 6 MHz 7 MHz

21. Skynjari(detector):

- breytir lágtíðni í hátíðni vinnur úr hátíðnimerkinu og gefur út heyrnlega tíðni
 hringir í slökkviliðið, ef tækið fyllist af reyk breytir rafsegulbylgjum í rafspennu

22. Slagvaki(BFO, beat frequency oscillator):

- er bara nauðsynlegur á 21 MHz
 gerir aðlögun loftnets auðveldari
 stjórnar taktinum í morsesendingum
 er sérstakur sveifluvaki, sem er nauðsynlegur til að gera ómótað merki (t.d. morse A1) heyrnlegt.


23. Innra viðnám straummæla er að jafnaði :

- núll lágt hátt skiptir ekki máli

24. "Absorbction"-bylgjumælir er tæki, sem nota má við að:

- mæla rakastig rakstraums mæla nýtni loftneta
 mæla nýtni viðtækja athuga yfirsveiflur frá sendum

25. Ljúkið tengingu lokamögnunarstigsins hér að neðan, þannig að straum- og spennumælur sýni straum og spennu stigsins:



26. Hver er leyfð hámarksspenna í tækjum, sem nýliðar smíða:

27. Hve lengi gildir nýliðaleyfið:

28. Hver ber ábyrgð á starfsemi nýliðanna gagnvart Pósti og síma:

29. Hvert er hámarks sendiafl(inngangsafll) nýliðasenda:

30. Innan hvaða tíðnimarka mega nýliðar senda:

HLJÓÐTÆKNI

Síðumúla 22 - 105 Reykjavík - Cable address "HLJODRADIO" - Tel.: 91-83040

Janúar 1978.

Það er okkur bæði ánægja og heiður að tilkynna félagsmönnum Í.R.A. að við höfum tekið að okkur umboð á Íslandi fyrir YAESU MUSEN CO., LTD., í Japan.

YAESU MUSEN er stærsti framleiðandi á tækjum fyrir radióamatöra í heiminum í dag og hjá fyrirtækinu vinna m.a. um 150 leyfishafar. Sem dæmi, má nefna að á árinu 1977 var búið að selja yfir 250.000 eintök af hvað þekktasta tækinu, YAESU FT-101.

Til þess að tryggja íslenskum radióamatörum hagkvæmast verð, eru allar pantanir teknar beint frá Tokyo til Reykjavíkur. Með því hverfur allur milliliðakostnaður frá Evrópu og við fáum nýjustu "módelin" strax til landsins.

Gjörrið svo vel að biðja um mynd- og verðlista fyrir 1978.

Með bestu kveðjum,

Jónas Bjarnason, TF3JB.

JB/gm .

Innflutningur fjarskiptatækja - hönnun og uppsetning fjarskiptakerfa - sérhæfð þjónusta - HF VHF UHF

Deluxe Mobile/Base Station FT-101E/EE



E MODEL WITH R.F PROCESSOR
EE MODEL LESS R.F PROCESSOR

FT-101E/EE/EX, tækið sem er löngu heimspekt fyrir öryggi og gæði. Öll amatörbönd, 10-160m. Aukahlutir, VFO, Hátalari, transverter á 144 MHz & fl. 260 Wött PEP SSB, 180 Wött CW. Tilbúinn heim á borð, í bílinn eða sumarbústaðinn. Pantið strax!




YAESU

The Competition-Grade FT-901 DM



Digital Readout HF Transceiver



Hljóðtækni
Síðumúla 22 — 105 Reykjavík